

210

23. nóv.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir til sjóðsins skulu ávallt lagðir við höfuðstólinn og vextir allir, þar til sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur, þá skal heimilt að úthluta samkvæmt 3. gr.  $\frac{3}{5}$  hlutum vaxtanna, en  $\frac{2}{5}$  skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist  $\frac{1}{5}$  vaxtanna við höfuðstólinn unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins samkvæmt 3. gr. Fé það, sem ekki úthlutast samkvæmt framan-sögðu, leggst við höfuðstólinn.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu auglýstar í Skinfxa. Umsóknir um styrk skulu sendar sjóðstjórninni fyrir 1. maí ár hvert og fylgi þeim meðmæli frá viðkomandi héraðssambandsstjórn. Styrkurinn veitist á afmælisdegi Aðalsteins Sigmundssonar, 10. júlí.

6. gr.

Sjóðurinn er eign U. M. F. Í. Stjórn hans skipa 3 menn: Fræðslumálastjóri og tveir menn, er stjórn U. M. F. Í. kýs til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggum lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt. Reikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðan af endurskoðendum U. M. F. Í. Hann skal og lagður fram á sambandsþingi með öðrum reikningum sambandsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið.

9. gr.

Heimilt er að endurskoða skipulagsskrá þessa á 15 ára fresti, ef knýjandi ástæður verða fyrir hendi, að dómi sambandsstjórnarinnar, svo sem breytt fyrirkomulag U. M. F. Í. eða annað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

211

20. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á bráðabirgðareglugerð um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði, nr. 76 12. júní 1935.

Öll bryggjugjöld samkvæmt bráðabirgðareglugerðinni skulu frá í dag hækka um 150% þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*